

FRÁSÖGN

af fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Keflavík 28.-29. nóvember 2016

Fulltrúar Íslandsdeildar Norðurlandaráðs á fundinum voru Silja Dögg Gunnarsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, auk Helga Þorsteinssonar ritara.

Á fundinum var meðal annars rætt um tillögu flokkahópsins Norræns frelsis um að koma á starfshópi um stefnu í málefnum innflytjenda á Norðurlöndum í því skyni að efla miðlun þekkingar á þessu sviði og efla góða starfshætti. Meiri hluti forsætisnefndar taldi ekki ástæðu til þess að skipa sérstakan starfshóp á vegum Norðurlandaráðs og benti á það starf sem þegar væri unnið í flóttamannamálum í fagnefndum Norðurlandaráðs og á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Tillagan var því felld.

Flokkahópur hægrimanna hafði lagt fram tillögu um að tilmælum yrði beint til ríkisstjórna Norðurlanda um að láta kanna gasleiðsluna Nord Stream 2 sem Rússar hyggjast leggja um Eystrasaltið frá sjónarhóli umhverfis- og öryggismála og varnar- og utanríkismálastefnu. Þeir bentu meðal annars á að gasleiðslan myndi gera Evrópuríki enn háðari kolefnaeldsneyti og jafnframt myndi það styrkja stöðu Rússa og gera þeim kleift að skapa misklið milli Evrópuríkja og þannig þrýsta á um að viðskiptaþvingunum yrði aflétt. Jafnframt bentu þeir á að Rússar gætu nýtt framkvæmdir í tengslum við gasleiðsluna til njósna. Tillagan var felld með sjö atkvæðum gegn fimm. Andstæðingar tillögunnar sögðu meðal annars að óljóst væri hvernig málið tengdist norrænu samstarfi og hvaða hlutverki Norðurlandaráð ætti að gegna. Silja Dögg Gunnarsdóttir greiddi atkvæði með tillögunni en Steingrímur J. Sigfússon var á móti.

Tvær tillögur flokkahóps vinstri grænna (VSG) voru til umræðu á fundinum. Önnur fjallaði um að gera Norðurlönd að kjarnorkuvopnalaus svæði. Í rökstuðningi VSG-hópsins segir meðal annars að um helmingur landsvæða heimsins séu þegar skilgreind sem kjarnorkuvopnalaus svæði. Tillagan var felld. Sumir andstæðingar tillögunnar vísuðu til þess að mesta kjarnorkuvá samtímans kæmi frá Rússlandi, ekki Norðurlöndum. Aðrir sögðust fylgjandi hugmyndinni, en töldu ekki að Norðurlandaráð ætti að koma að málinu.

Seinni tillaga VSG snerist um að beina tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda um að grípa til ýmissa aðgerða til stuðnings sjálfsákvörðunarrétti íbúa Vestur-Sahara, en þeir lúta stjórn Marokkó. Efni tillögunnar var vel tekið, en meiri hluti forsætisnefndar taldi þó ekki rétt að Norðurlandaráð hefði afskipti af málinu á þeim grundvelli sem tillaga VSG gerði ráð fyrir.

Á fundinum var einnig rædd tillaga flokkahóps miðjumanna um að efla sáttamiðlun sem norrænt vörumerki. Meðal annars var lagt til að gerð yrði stefnumótandi úttekt á þessum málaflokki í tengslum við norrænt samstarf, að komið yrði á fót sameiginlegu norrænu háskólanámi á sviði friðarviðræðna og að stofnað yrði skjalasafn um sáttamiðlun. Tillagan fékk góðar undirtektir, en samþykkt var að gera þyrfti hana skýrari og ákveðið var að senda hana til umsagnar hjá norrænum stofnunum í friðarmálum.

Tvær tillögur um stöðu Færeyja í norrænu samstarfi og aðild þeirra að öllum norrænum samningum og sáttmálum voru til umræðu á fundinum, en Færeyjar hafa óskað eftir fullri aðild að Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni til jafns við Ísland, Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð. Meiri hluti forsætisnefndar taldi að þetta væri mál sem þyrfti að útkljá milli Danmerkur og Færeyja áður en það væri tekið til meðferðar í Norðurlandaráði. Bent var á að Færeyjar væru hluti af danska ríkinu, taka yrði tillit til dönsku stjórnarskrárinnar og í Helsingfors-samningnum, grundvallarsamningi norræns samstarfs, væri samstarfið skilgreint sem samstarf fullvalda ríkja.

Steingrímur J. Sigfússon lýsti stuðningi við óskir Færeyja og benti á að þjóðarétturinn hefði þróast mikið síðan Helsingfors-samningurinn var undirritaður árið 1962. Nú væri ekki einblínt á sjálfstæð ríki, einnig væri horft til réttinda þjóða og minnihlutahópa. Hann sagði að staða Færeyinga í Norðurlandaráði væri ekki einvörðungu mál milli Dana og Færeyinga, Færeyingar hefðu beint umsókn sinni til Norðurlandaráðs alls. Ýmsir stuðningsmenn umsóknarinnar bentu á að í forsætisráðherratið Anker Jørgensens hefðu Danir sjálfir lagt fram tillögu um sjálfstæða aðild Færeyinga og Grænlandinga að Norðurlandaráði, og því væri ljóst að danska ríkjasambandið þyrfti ekki að vera hindrun í vegi fullrar aðildar Færeyja. Færeyski þingmaðurinn Ruth Vang gagnrýndi harðlega andstæðinga umsóknarinnar og spurði hvort Færeyjar ættu þá nokkuð erindi í Norðurlandaráð yfirhöfuð ef litið væri svo á að það væri einungis samstarf sjálfstæðra ríkja.

Finnska og íslenska landsdeildin í Norðurlandaráði hafa sameiginlega lagt fram tillögu um að finnska og íslenska verði vinnutungumál í Norðurlandaráði til jafns við skandinavísku málin. Í rökstuðningi með tillögunni segir að það sé réttlætismál að finnskir og íslenskir meðlimir Norðurlandaráðs standi jafnfætis hinum skandinavísku í samstarfinu. Silja Dögg Gunnarsdóttir benti á að þó að hinn fulltrúi Íslendinga á fundinum, Steingrímur J. Sigfússon, talaði ágæta skandinavísku, væri hún sjálf dæmigerðari fulltrúi íslenskra þingmanna samtímans. Hún skildi norsku, sænsku og dönsku upp að vissu marki, en hún gæti ekki tekið þátt í djúpum samræðum á þessum málum. Tillögunni var vel tekið af flestum fundarmanna og ákveðið var að hún færi til frekari athugunar á skrifstofu Norðurlandaráðs og að unnið yrði nefndarálit.

Í tengslum við fund forsætisnefndar var jafnframt haldinn fundur með fulltrúum Þingmannasamtaka Eystrasaltsríkjanna í tilefni af 25 ára afmæli sjálfstæðis Eystrasaltsríkjanna. Af því tilefni flutti Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, ávarp um aðdraganda sjálfstæðis Eystrasaltsríkjanna og þátt Íslendinga, en þeir urðu fyrstir þjóða til að viðurkenna sjálfstæði ríkjanna. Í máli fulltrúa Eystrasaltsríkjanna kom fram að samstarf þeirra og Norðurlanda væri enn mikilvægara en áður vegna þeirrar ógnar sem nú stafaði af Rússum.

Forsætisnefndarfundurinn í Keðflavík var síðasti fundurinn í formennskutið Dana í Norðurlandaráði. Finnar verða í formennsku á næsta ári og Britt Lundberg, þingmaður frá Álandseyjum, tekur þá við af danska þingmanninum Henrik Dam Kristensen sem gegnt hefur embætti forseta Norðurlandaráðs á árinu 2016.